

7. gr.

Borgarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi. Sama gildir um verslanir sem selja minjagripi sem ætlaðir eru ferðamönnum.

8. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð samkvæmt ákvörðun borgarráðs. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur borgarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi 1. janúar 1991 þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík nr. 480/1987 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 26. nóvember 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línal.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík–Húsavík–Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. 381 24. júlí 1989 um flugrekstur með síðari breytingum, sbr. auglýsingu nr. 523 3. nóvember 1989 um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands, veitti Flugfélagi Norðurlands hf. leyfi til almenns áætlunarflugs (án sérleyfis) á leiðinni:

Reykjavík – Húsavík – Reykjavík

Leyfi Flugfélags Norðurlands hf. til áætlunarferða milli Húsavíkur og Reykjavíkur gildir frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1992 og framlengist þá sjálfkrafa til 31. desember 1997 hafi samgönguráðuneytið ekki tilkynnt leyfishafa annað fyrir 1. júlí 1992. Leyfið er bundið þeim takmörkunum að árlegt sætaframboð félagsins sé ekki meira en sem nemur 20% af áætlaðri flutningsþörf eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Samgönguráðuneytið, 29. nóvember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.